

49 einstaklingar í umsjá Geðverndar — víðtæk samvinna í umönnun geðsjúkra bætir ástandið og lofar góðu:

Geðfatlaðir af götunni

„Á götunni um þessar mundir eru ekki eins margir og var síðastliðið vor, þó alltaf séu einhverjir á götunni í þeim skiln-

ingi að gististaður næstu daga og vikna er ekki öruggur. En það er liðin tíð að fólk sé bókstaflega úti í kuldanum, sem betur fer,“ sagði Sigrún Friðfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, í samtali við Tímann. Samtökin vinna í nánú sambandi við ýmsa aðila og hefur ástandið batnað á furðu stuttum tíma eða síðan í mars.

Nýlega sagði Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, í blaðinu að síðastliðið vor hefðu 38 geðfatlaðir borgarar nánast verið á götunni.

Sigrún sagði að vissulega væri ástandið bággt hjá mörgum, en samvinna ýmissa aðila hefði skilað góðum árangri á stuttum tíma og ástandið væri mun betra en í vor. Geðhjálp hefur tekið inn 10 sjúklinga á vistheimili við Bárugötuna, og fimm á Vesturgötuna. Hún sagði að margir væru í óruggri búsetu, færu í

gistiskýlið, sumir væru einhvern tíma í leiguherbergi, en yrðu oft að yfirgefa húsnæðið vegna óæskilegrar hegðunar. Það væri allur gangur á þessum málum. Á götunni væru alltaf einhverjir, en ástandið væri til muna betra en fyrr.

Geðhjálp rekur stuðningsþjónustu, sem sinnir 49 erfiðustu einstaklingum í borginni, og margir á bíðlista. Sú starfsemi hófst í mars síðastliðnum. Hún hefur aðsetur að Bárugötu 19. Sjö manns vinna þar að því að aðstoða geðfatlaða einstaklinga. Það er að þakka mjög góðri samvinnu við Félagsmálastofnun borgarinnar að unnt er að bjóða þessa aðstoð og halda opnum vistheimilum, auk þess sem ríkissjóður leggur sitt til. Sagði Sigrún að samvinnan, sem væri ný af nálinni, lofadi mjög góðu, en auk þessa hefði skapast ágæt samvinna við lögregluna. ■